

Vegna þingmáls 543

Frumvarp til laga, um breytingu á lögum um velferð dýra nr. 55/2013 (Blóðmerahald)

Ég, undirritaður dýralæknir hef unnið við blóðsöfnun síðan árið 2013 eða allan minn dýralæknaferil og þykir mér það afar leiðinlegt að þurfa að færa rök fyrir því að mín vinna snúist um að virða dýravelferð, að ég ofbjóði ekki kröftum dýra né þoli við blóðsöfnun eða önnur dýralæknastörf.

Við lestur þessa frumvarps má sjá mikið af röngum fullyrðingum og innihaldið heldur þunnt, að flytjandi þurfi að líkja landbúnaði á Íslandi við lönd í Suður- Ameríku sannar það.

Hryssur sem gefa blóð eru hross og komið er fram við þær alveg eins og hross sem gefa ekki af sér blóð. Folöldin ganga undir mæðrum sínum eins og hryssum sem gefa ekki blóð og afföllin eru þau sömu og hjá hrossum sem gefa ekki blóð.

Ég, sem dýralæknir met aðstöðu hrossanna, vinnuaðstöðu og stöðu stóðsins, ég passa að það séu ekki fleiri en 100 hross í réttinni í einu og að þau hafi greitt aðgengi af vatni og salti sem er mikilvægt öllum skepnum. Ég geng alltaf um hryssurnar að nærgætni og virðingu eins og öll önnur dýr, ég met ástand hverra einustu hryssu áður en tekið er blóð. Staðdeyfing er sprautað á stungustað svo hryssan finni sem minnst eða ekkert fyrir stungunni, hver einasta hryssa er staðdeyfd í hvert einasta skipti. Það er alltaf dýralæknir sem tekur blóðið og þykir mér það afar leiðinlegt að þurfa að taka það fram.

Mikið eftirlit er með þessari landbúnaðargrein, dýralæknir sem tekur blóð hefur vikulegt eftirlit með hrossunum og aðstöðu, innra eftirlit Ísteka er mjög virkt og þar er starfandi dýralæknir sem hefur eftirlit með dýralæknum, bændum, hrossum, aðstöðu ofl. Síðast en ekki síst er eftirlit MAST sem er mjög virkt og hefur eftirlit með dýralæknum, bændum, hrossum, aðstöðu ofl.. Tekin eru blóðsýni og blóðprófill metinn reglulega, auk þess undirrita allir bændur sem halda hryssur til blóðsöfnunar þar til gerðan dýravelferðarsamning.

Ég mæli eindregið gegn því að þetta frumvarp 543; að banna eigi að taka blóð úr fylfullum merum í þeim tilgangi að selja það eða vinna úr því vöru til sölu verði að lögum.

Virðingarfyllst

Sandra Líf Þórðardóttir D.V.M